

Fundargerð

Fundarefni:	9. Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla
Dags.:	25. nóvember 2014
Fundarmenn:	Guðni Björnsson, Íris Lena Leósdóttir, Karl Einarsson, Kristín Stefánsdóttir, Ólafur Guðlaugsson, Sigurður Grétarsson, Sigrún Bjarnadóttir skólastjóri, Einar Birgir aðstoðarskólastjóri
Fjarverandi:	Erlingur Snær Erlingsson, Hólmfríður Einarsdóttir
Ritað af:	Íris Lena Leósdóttir

1. Fundur settur.

- Guðni setti fundinn kl. 17:30

2. Upplýsingar um málefni FFÁ

- Prentaðar fundargerðir 1. – 8. fundar afhentar skólastjórnendum.

3. Upplýsingar um málefni skólans

- Samskipti heimila og skóla. Þarf að klára handbókina. Skólinn er byrjaður að vinna eftir henni, t.d. morgunkaffi foreldra barna í 1. – 4. bekk á morgun og fimmtudag, óvíst með mætingu, aðallega hugsað sem vettvangur fyrir foreldra að hittast og spjalla til að kynnast.
- Dægradvölin. Í frammistöðumati kom fram að börnum líður vel í skóla og dægradvöl. Breyting fyrirhöguð til að tryggja að börn fari ekki ein í burtu, tveir nýjir starfsmenn byrja 1. des. Fréttabréf á næstunni. Íþróttavagnar; HK til fyrirmyndar, Breiðablik ekki. Vilji til aukinna fjárheimilda fyrir dægradvöl hjá Kópavogsbæ? Skólastjórn sendir tillögur Kópavogsbæjar til stjórnar FFÁ til umsagnar.
- Skólalóðin/byggingar. Skólastjóri bíður eftir fundi með bænum, lóðin í bið vegna bygginga og staðsetningar skólahljómsveitar. Skólastjóri vill fá að loka af hluta af skólalóðinni – vegna 1. og 2. bekkja og einhverfudeildar. Verðum að tryggja öryggi barna okkar. Skólastjóri vill fund með stjórn FFÁ og bæjarins, einnig börnin hafa sitt að segja áður en ákvarðanir eru teknar.
- Öryggismál – Íþróttarútur þurfa að koma inn í hringtorgið, mikill fjöldi barna að bíða eftir rútum við stoppustöðvar, boltar út á götu og börnin hlaupandi á götunum. Skólastjóri leggur til að **öryggisnefnd** semji bréf til Íþróttafélaga og Kópavogsbæjar. Einnig þarf að laga strætóstoppistöðvar – setja upp skýli. Starfsmaður dægradvalar fylgir börnum. Skólastjóri var á fundi með lögreglu, hraðamælingar voru gerðar við Álfhólsskóla þar sem yfir 70% aka of hratt. Hátt hlutfall barna sem eru keyrð í skólann. Meta þarf tillögur að breytingum. Könnun í vetur, kennarar spurðu börn hvaða leið þau færu í skólann – Bærinn ætlar að moka, sanda betur og lýsa betur.
- Afmælis dagar – Skólastjóri ekki ýtt á að hafa gjafalaus afmæli en rætt það, finnst að grasrótin þurfi að koma þessu áfram. Hvernig getum við passað að börn séu ekki skilin útundan þegar boðið er í afmæli. Mætti nýta umræður á foreldrasáttmálakvöldum til að koma á afmælisgjafalausum og sameinuðum afmælum, allir sem eiga afmæli í janúar halda upp á það saman. Reyna að koma því inn á næsta skóla ári með fyrsta bekk og svo yngsta stig.

- Foreldraviðtölin. Gengu vel, góðar athugasemdir sem skólastjóri fer yfir. Nemendaráð óskaði eftir meiri athugasemdum frá kennurum og meiri upplýsingum. Gott að bera saman mat kennarans og nemandans.
- Mat og skólastarf. Skýrsla tilbúin til yfirlestrar skólaráðs. Skólastjóri sendir skýrsluna og einnig skýrslu um skólanámsskrá.
 - nýtt fyrirkomulag
 - unglíngastígs. Byrjunarörðugleikar, sumt gengur vel, nemendur velja sér áherslusvið, þemaáfangar mættu nýtast betur og val. Raungreinar ganga vel. Kynjaskipti prófuð í 10. bekk, strákahópurinn ekki áhugasamur. Þarf að slípast til og fá nemendur til að hugsa betur valið. List og verkgreinar voru ekki valdar í vali, stór hópur sem fær metið íþróttæfingar og tónlistaræfingar.
 - 1. bekkjar. 4 bekkjarfulltrúar fyrir allan hópinn. Vantar að fá upplýsingar frá bekkjarfulltrúum um bekkjarkvöld og foreldrasáttmála og reynslu af nýju fyrirkomulagi og hvort það verður áfram. Ákveðin tækifæri í þessu, árgangurinn verði frekar ein heild í stað 2-3 bekkja.
- Heimanám. Verið að ýta því yfir á heimilin – hver er skoðun skólastjórnar. Kvartað yfir litlu heimanámi nemenda þar sem foreldrar vita ekki hvar hann er staddur. Aðallega lestur í heimanámi, gengur illa hjá sumum heimilum að lesa heima. Mætti taka fyrir á stefnumótunardegi skólans næsta vor. Samkóp – þjálfunarhlutinn heima við en ekki að læra nýtt heima. Samræmi á milli þeirra á miðstigi sem ekki las heima og árangurs í samræmdu prófunum. Ef heimanám færi í dægradvöl gæti það bitnað á þjálfuninni heima við. Samstarf Álfhólsskóla og Reykjanesskóla um læsi og stærðfræði á yngsta stigi, komu ekki nógu vel út í samræmdu prófum í 4. bekk, skoða hvað veldur.

4. Desemberfjör 29. nóvember

- Staðan. Erum búin að sprengja utan af okkur húsnæðið, þurfum að endurhugsa viðburðinn og dreifa okkur á stofur. Föst dagskrá og tímasetningar á hreinu.
- Getur skólinn og kennarar komið meira að þátttökunni, t.d. að steikingu, skólastjóri athugar.
- Auglýsing
- Húsnæði skoðað í lok fundar.

5. Önnur mál

- Markaðstorgi frestað fram í febrúar 2015. Nefndin hefur tekið til starfa og byrjar undirbúning í janúar.
- Næsti skólaráðsfundur verður haldinn 5. des.
- Einar afhenti dagskrá desembermánaðar hjá skólanum.

6. Fundi slitið

- Guðni sleit fundi kl. 19:00